

## AUGLÝSING

### um breytingar á váttryggingarfjárhæðum ökutækjatrýgginga.

1. gr.

Með vísan til 6. mgr. 8. gr. laga um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark váttryggingarfjárhæðar ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 5. mgr. 8. gr. sömu laga verði 5.610 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 562 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark váttryggingarfjárhæðar slysatryggingar ökumanns og eiganda skv. 3. mgr. 9. gr. sömu laga verði 421 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka skv. 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1244/2019 um ökutækjatrýggingar, er 624.000 kr. fyrir einstakling og 3.119.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu í iðgjaldagrundvelli skv. 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar er 156.000 kr.

4. gr.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing um breytingar á váttryggingarfjárhæðum ökutækjatrýgginga, nr. 1231/2022. Jafnframt fellur brott eldri auglýsing, nr. 1121/2021, um sama efni.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. nóvember 2023.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Elísabet Júlíusdóttir.*